

72

24. júní

9. gr.
Brot gegn reglugerð þessari varða sektum frá 10—500 kr. nema þyngri hegning liggi við eftir öðrum lögum.

Mál út af brotum sæta sömu meðferð og almenn lögreglumál.

10. gr.

Með reglugerð þessari er númer úr gildi reglugerð nr. 67 frá 28. apríl 1915 um bifreiðar og próf fyrir bifreiðastjóra.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 70, 8. september 1931, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 24. júní 1937.

Hermann Jónasson.

Vigfús Einarsson.

73

15. júlí

SAMÞYKKT

um lokunartíma sölubúða í Akureyrarkaupstað.

1. gr.

Sölubúðum á Akureyri skal lokað eftir því, sem ákveðið er í 2., 3. og 4. gr. samþykktar þessarar.

2. gr.

Á mánudögum, þriðjudögum, miðvikudögum, fimmtudögum og laugardögum skal sölubúðum og sölustöðum lokað eigi síðar en kl. 6 síðdegis og á föstudögum eigi síðar en kl. 8 síðdegis og eigi opnað aftur fyrr en kl. 9 árdegis næsta virkan dag. Þó skulu vera þær undantekningar, er nú skal greina:

Aðfangadag jóla, gamlárskvöld, laugardagana fyrir páska og hvítasunnu skal sölubúðum lokað eigi síðar en kl. 4 síðdegis.

Síðasta virkan dag fyrir aðfangadag jóla skal heimilt að halda opnum sölubúðum til kl. 11 síðdegis.

Á tímabilinu frá 15. júní til 15. september skal á laugardögum loka sölubúðum eigi síðar en kl. 1 síðdegis.

Ef skortur er á eldsneyti eða ljósmeti í bænum eða úllit fyrir að skortur geti orðið á því, þá er bæjarstjórninni heimilt að ákveða að sölubúðum skuli um lengri eða skemmri tíma lokað fyrr eða opnaðar seinna en samþykkt þessi ákveður.

3. gr.

Almenn helgidaga þjóðkirkjunnar, sumardaginn fyrsta, 1. maí, 17. júní, fyrsta mánudag í ágúst og 1. desember mega engar sölubúðir vera opnar.

4. gr.

Frá ákvæðum um lokunartíma sölubúða í samþykkt þessari skulu enn fremur þessar undantekningar:

Brauð- og mjólkursölubúðum má halda opnum á almennum helgidögum, sumardaginn fyrsta, 1. maí, 17. júní og 1. desember frá kl. 11 f. h. til kl. 3 e. h., eingöngu til sölu á brauðvörum, mjólk og mjólkurvörum. Ákvæði samþykktarinnar ná ekki til lyfjabúða.

5. gr.

73

Eftir lokunartíma sölubúða er óheimilt að selja á strætum og torgum, eða annars staðar utan sölubúða kaupmanna, nokkurn þann varning, sem ekki má selja nema samkvæmt verzlunarleyfi. Heimilt er þó að selja einnig á þeim tíma kol, salt, veiðarfæri og vistaforða handa skipum, og sömuleiðis er leyfilegt að taka á móti innlendum vörum aðkomumanna í geymsluhúsum verzlana.

15. júlí

6. gr.

Þá, sem komnir eru inn í verzlun fyrir lokunartíma, er heimilt að afgreiða eftir að lokað er.

7. gr.

Lögreglustjóra er heimilt, þegar sérstaklega stendur á, að veita undanþágu frá samþykkt þessari fyrir einstaka daga og til þess að sala fari fram í góðgerðarskyni eða ágóða fyrir stofnanir og fyrirtæki, sem að dómi lögreglustjóra horfa til almenningsheilla.

8. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum, 20—500 krónum, og renna sektirnar í bæjarsjóð. Mál út af brotum gegn samþykkt þessari skal reka sem almenn lögreglumál.

9. gr.

Með samþykkt þessari fellur úr gildi samþykkt um lokunartíma sölubúða í Akureyrarkaupstað frá 2. júní 1933.

Samþykkt þessi, sem gerð er af bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar samkvæmt lögum nr. 17, 1. febrúar 1936, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Aðvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 15. júlí 1937.

F. h. r.

Vigfús Einarsson.

Páll Pálmason.

AUGLÝSING

74

um staðfesting heilbrigðismálaráðuneytisins á breytingu á heilbrigðissamþykkt fyrir Ísafjarðarkaupstað nr. 53 frá 5. maí 1906.

17. júlí

Samkvæmt lögum nr. 64 frá 10. nóvember 1905 um heilbrigðissamþykktir fyrir bæjar- og sveitarfélög, er hér með staðfest eftirfarandi breyting á heilbrigðissamþykkt fyrir Ísafjarðarkaupstað nr. 53 frá 5. maí 1906, sem bæjarstjórn Ísafjarðar hefir samþykkt.

1. gr.

8. gr. samþykktarinnar orðist svo:

Á götur og svæði, er almenningur fer um, má enginn fleygja frá sér matarleifum, rusli, skolpi, hræjum eða öðrum óhreinindum. Í ræsi — hvort sem eru neðanjarðar lokræsi eða ofanjarðar göturæsi — má eigi kasta neinu því er stíflað